

Nd.

187. Tillaga

til þingsályktunar um björgunarstarf og eftirlit með fiskibátum fyrir Vestfjörðum og Norðurlandi.

Flm.: Vilmundur Jónsson.

Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina, að hún láti varðskipið Þór annast björgunarstarf og eftirlit með fiskibátum fyrir Norðurlandi, á svæðinu frá Skaga til Tjörness, á tímabilinu frá 1. september til 31. október, og fyrir Vestfjörðum, á svæðinu frá Horni til Látrabjargs, frá 1. nóvember til 31. desember og frá 1. til 31. janúar ár hvert.

Á s t æ ð u r .

Um ástæður visast til greinargerða, sem fylgdu þessari tillögu á tveimur síðustu þingum, sbr. þskj. 244 frá vetrarþinginu og 272 frá sumarþinginu.